



Ráðhústorg

Pú stendur á Ráðhústorgi. Hér tifar hið stóra hjarta bæjarbúa á uppfillingu sem varð til 1927 þegar ráðist var í að stækka höfnina og dýpka.

Þótt ráðhús við Ráðhústorg yrði aldrei raunin – í staðinn reis háreistur Landsbanki á lóðinni – var þar iðandi mannlíf. Fjármálastofnanir, verslanir og bíó umkringdu torgið. Hér voru leigubílastöðvar og bensín dælt á bíla, seld blöð og tímarit úr blaðavagni og pylsur með rauðkáli. Haldnar íþróttasýningar og fjöldafundir og hér fögnuðu bæjarbúar lýðveldisstofnun 17. júní 1944. Svo kom rútan að sunnan og fólk þyrptist að Bifreiðastöð Akureyrar, sumir að ná í ferðalanga, aðrir á höttunum eftir nýjustu fréttum.



Prúðbúinir Akureyringar í Oddeyrarbót, seinna Ráðhústorg, á verkalyósdaginn 1. maí 1923. Sölugerndin reis 1915. Í baksýn er röð timburhúsa við Strandgötu, flest byggð 1900-1910 sem mörg hver standa enn.

People dress up in their finest clothes in Ráðhústorg for the First of May celebrations in 1923. The kiosk behind them was built in 1915. In the background, along Strandgata, is a row of handsome timber houses in the architectural tradition of the period. Many of them remain standing today, creating a pleasing architectural setting.

Sjaldan er þó gleðin meiri á Ráðhústorgi en þegar nýstúdentar Menntaskólans á Akureyri taka sinn árvissa mars um torgið á sjálfan þjóðhátíðardaginn 17. júní.

Akureyringum varð snemma umhugað um að gera torgið gróðursælt. Sumarið 1938 voru sett tré á torgið, það þökulagt og græna svæðið girt. Það kom jafnvel til greina að stækka torgið um helming en bygging Landsbankans stóð í veginum.

Grasbletturinn, hið helga vé Akureyringa, var látinn óáreittur uns Ráðhústorg var hellulagt árið 1991 sem fór misvel í bæjarbúa. Í skjóli nætur – og án vitundar yfirvalda – var hluti torgsins þökulagður að nýju. Græna byltingin varð staðreynd.



Um 1945 – ys og þys við Bifreiðastöð Akureyrar (BSA). Ferðalanga, varningur og dagblöð komu með langferðabílfreiðum að sunnan. Þaðan hófust reglubundar almenningssferðir milli Reykjavíkur og Akureyrar árið 1931, brottfór var einu sinni í viku með einni gistinótt á leiðinni.

This photo dates from about 1945 and marks a busy scene at the Akureyri Bus and Taxi Station (BSA) when the coach from Reykjavík has just delivered passengers, goods and newspapers.

Main Square

You are standing in Ráðhústorg Square where the heart of the town beats. Although the town hall was not built here – its intended site was taken over by the National Bank – the square was always bustling with life and activity, being surrounded by financial institutions, shops, cinemas and taxi stations. Here you bought papers, magazines and hot dogs from street vendors and filled your car with petrol. This is where mass meetings assembled and sports events were arranged. Here the terminal for the Reykjavík bus used to be, where people came to meet friends and relatives arriving from the capital – or pick up the latest gossip. It was in Ráðhústorg that people rejoiced in the establishment of the Republic of Iceland, 17 June 1944 – still the date on which students from the local college celebrate their graduation by marching through the square.



Í ófærð veturinn 1949-1950 var gripið til þess ráðs að flytja vörur á sleða. Landsbankinn ris við Ráðhústorg. Yfir jarðhæð bankans sér í ljósan stafn fyrsta kvikmyndahússins á Akureyri. Þjóðleiðin út úr bænum er ennþá um Brekkugötu. Það breyttist ekki fyrr en 1954.

Frequent snowstorms during the harsh winter of 1949-1950 forced people to transport goods by sledge. The Akureyri branch of the National Bank is being constructed in Ráðhústorg. Above the scaffolding you see the gable of Akureyri's first cinema in Brekkugata road which, until 1954, was the main road into town from the south.



Ráðhústorg um 1967. Blaðavagninn hans Pálma Ólafssonar var lengi örjúfanlegur hluti af torginu. Fyrir neðan bankann er Strandgata 5 sem sumarið 1970 var flutt í heilu lagi norður fyrir bæinn.

A sunny scene from Ráðhústorg main square in the 1960s. The newspaper van occupies its traditional position as an unmissable part of human activity in the square. The large house opposite the National Bank, 5 Strandgata, was transferred in its entirety to the outskirts of town in 1970.



MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI MUSEUM



www.visitakureyri.is

NORÐUROSKA